



Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 14.12.17
Ábm. JGD	Svfr.
Afgr. Fjörðung)Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Hrunamannahreppur.

Sími 480 6600, Fax 480 6606, netfang; hruni@fludir.is, heimasíða www.hrunamannahreppur.is

Orkustofnun
Grensásvegur 9
108 Reykjavík

ORKUSTOFNUN		Skjalasafn	
Dags. mott.	10.10.2017	Ábm.	SJA
Mátsnúmer	2017010001	Aðrir	JGD
Skjalalykill	1013	---	JE
Verknúmer	1070000	Trún.	JE
Ecki/ath.		Afrit til	JGD

Efni: Rannsóknarleyfi.

Á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps 3. október síðastliðinn var fjallað um umsókn landsvirkjunar um rannsóknarleyfi vegna áætlana um mögulega virkjun á vatnasviði efsta hluta Stóru-Laxár.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Oddviti kynnti erindi frá Orkustofnun þar sem óskað er eftir umsögn sveitastjórnar til veitingar rannsóknarleyfis til handa Landsvirkjun vegna áætlana um mögulega virkjun á efsta vatnasviði Stóru-Laxár. Um er að ræða endurnýjun á rannsóknarleyfi sem rann út í lok árs 2016. Sveitarstjórn telur að framkvæmd sem þessi hafi neikvæð áhrif á ósnortna náttúru svæðisins sem og á veiði- og vatnasvið Stóru-Laxár. Það er yfirlýst stefna og vilji sveitarstjórnar að náttúrufegurð og sérstaða vatnasviðs Stóru-Laxár og hinna einstöku Laxárgljúfra verði í engu ógnað og leggst því alfarið gegn útgáfu rannsóknarleyfis.“

Flúðum 4. október 2017



Sveitarstjórnin
Hrunamannahreppi

Jón G. Valgeirsson

Skjalnúmer	10700
Verknúmer	3043
Málsnúmer	2017090024/42-8
Dags. mótt.	17.10.2017

N Á T T Ú R U F R Æ Æ I S T O F N U N Í S L A N D S

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegji 9
108 REYKJAVÍK

ORKUSTOFNUN		Skjalasafn	
Dags. mótt.	17.10.2017	Abm.	174
Málsnúmer	2017090024/42-8	Aðrir	175
Skjalalykill	3043	---	176
Verknúmer	10700	Trún.	177
Fskj./aths.		Afrit til	178

Garðabær, 13. október 2017

2017090024/42-8

TB

tb

Umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi vegna áætlana um mögulega virkjun á vatnasviði efsta hluta Stóru-Laxár í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 19. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi vegna áætlana um mögulega virkjun á vatnasviði efsta hluta Stóru-Laxár í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Sótt er um endurnýjun á núverandi rannsóknaleyfi til ársins 2023 en um er að ræða stærra svæði en áður.

Í gögnum málsins kemur fram að verkefnisstjórn 3. áfanga leggur til að framangreind virkjunarhugmynd fari biðflokk sem að öllu jöfnu þýðir að ekki fyrirleggja nægar upplýsingar/rannsóknir til að meta t.d. verndargildi svæðisins eða það hefur ekki farið fram. Þar sem framangreint hefur verið lagt til telur Náttúrufræðistofnun að um umsókn Landsvirkjunar eigi að fara samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun þar sem segir: „Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra.“ Ennfremur telur Náttúrufræðistofnun að taka eigi fullt tillit til laga um náttúruvernd eftir því sem við á. Að teknu tilliti til þessa leggst Náttúrufræðistofnun fyrir sitt leiti ekki gegn því að umbeðið rannsóknaleyfi verði veitt.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson

Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar



Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

ORKUSTOFNUN Skjalasafn			
Dags. mótt	26.10.2017	Abm.	37n
Málsnúmer	052017050001	Aðrir	35
Skjalalykill	50.4.3	---	35
Verknúmer	1070000	Trún.	Pj
Fskj./athe.		Afrit til	

Reykjavík 24. október 2017
UST201709-166/B.S.
10.05.08

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi - Stóra-Laxá. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 19. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi. Sótt er um leyfi til rannsókna fram til ársins 2023. Helstu rannsóknir sem ráðist verður í eru m.a. rennslismælingar, kortagerð, líffræðirannsóknir og jarðfræðirannsóknir. Slóðir liggja nú víða um fyrirhugað rannsóknarsvæði og ætti að nýta þá sem aðkomuleið stórvirkra véla eins og kostur er. Þar sem grafnar verða rannsóknargryfjur ætti að ganga vel frá yfirborði og halda raski í lágmarki þar sem boraðar verða rannsóknarholur. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.



Raker Kristjansdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri

Heimild

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson, Ragnhildur P. Magnúsdóttir og Jón S. Ólafsson 2015. Stóra-Laxá í Hreppum. Vatnalíf, veiðinýttjar og virkjun. Skýrsla VMST/15011 og LV-2015-128: 81 bls.

Umsögn

Veiðimálastofnun, nú Hafrannsóknastofnun, gaf umsögn um fyrra rannsóknarleyfi í apríl 2012. Veiðimálastofnun gerði, á árunum 2014 og 2015, rannsóknir á lífríki Stóru-Laxár og þveráa hennar m.t.t. þeirrar virkjanahugmyndar sem þá var uppi og mat í framhaldi af því áhrif framkvæmda á lífríki í vatni og veiðinytjar (Magnús Jóhannsson o.fl. 2015). Þar kemur m.a fram að í Stóru-Laxá eru verðmætar veiðinytjar. Fiskgengi hluti Stóru-Laxár er rúmir 41 km en þangað eru 105 km frá ósi í sjó. Hvergi á Íslandi komast sjógengnir fiskar lengra inn í land frá sjó. Niðurstöður rannsókna sumrin 2014 og 2015 sýna að allgóð uppeldisskilyrði eru fyrir laxa- og urriðaseiði á fiskgengum svæðum í Laxárgljúfri þar sem rennsli verður skert komi til virkjunar. Bein áhrif af virkjanaframkvæmdum á vatnalíf verða vegna myndunar lóna, skerts rennslis og rennslisveifla. Skerðing á rennsli mun hafa neikvæð áhrif á allar vatnalífverur. Metið var að í Laxárgljúfri væru 8,3% af framleiðslueiningum búsvæða fyrir laxaseiði í Stóru-Laxá og að þau búsvæði væru í hættu vegna fyrirhugaðrar virkjunar.

Hér er um nokkuð breytta tilhögun frá fyrra rannsóknarleyfi sem unnið var út frá við fyrri rannsóknir á lífríki í vatni og mat á áhrifum virkjunar. Gert er ráð fyrir að könnuð verði veita vatns á milli vatnasviða til Stóru-Laxár. Það mun væntanlega valda auknu rennsli á vatnasviði Stóru-Laxár og að sama skapi minnkuðu á vatnasviði Hvítar ofan lðu en ekki er ljóst hvort gert verði ráð fyrir miðlunarlóni á veituleiðinni. Veiting vatns á milli vatnasviða breytir í raun bæði eðli og umfangi þess viðfangsefnis sem rannsóknin tekur til og hefur áhrif á þær forsendur sem legið hafa fyrir hingað til varðandi áhrif þessarar framkvæmdar m.a. hvað varðar Rammaáætlan. Þá er lögð fram hugmynd um stöðvarhús ofanjarðar sem ekki var uppi í fyrra rannsóknarleyfi. Þessar breytingar valda því að gera þarf frekari rannsóknir á lífríki, útvíkka svæðið og meta á ný áhrif fyrirhugaðra framkvæmda í heild.

Stofnunin vill minna á að mikilvægt er að við rannsóknir á þessum virkjunarhugmyndum verði þess gætt að óþarfa rask verði ekki af umferð tækja og að mengandi efni berist ekki í vatn á svæðinu. Einnig er bent á 33. gr. laga Nr. 61/2006 um Lax- og silungsveiði með síðari breytingum um heimild til mannvirkjagerðar í veiðivötnum:

Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu. Um byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfis-skyldar framkvæmdir fer einnig samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og reglum settum samkvæmt þeim.

Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Fiskistofu skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd. Ef sérstök ástæða þykir til getur Fiskistofa krafist þess að framkvæmdaraðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi til framkvæmdar er veitt. Fiskistofa getur í slíkum tilvikum kveðið nánar á um til hvaða þátta úttektin skuli ná. Kostnaður vegna nauðsynlegra líffræðilegra úttekta skal greiddur af þeim sem óskar eftir leyfi til framkvæmda.

Hafrannsóknastofnun bendir á að landeigendur og félög þeirra sem eiga nýtingarrétt til lax- og silungsveiði á áhrifasvæði framkvæmdarinnar verði upplýstir um gang mála. Umhverfi og náttúra Stóru-Laxár er mikilfengleg og um margt sérstök en Stóra-Laxá er ein af stærstu dragám landsins á móberrgssvæðum. Um er að ræða verðmæta náttúru sem að auki er með nýtingu og afar mikilvægt að sem best þekking sé á lífríki og náttúrufari árinna og áhrifasvæða þegar kemur að ákvörðunum um hugsanlegar framkvæmdir.

Guðni Guðbergsson

Guðni Guðbergsson



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík 27. 09.2017

Efni: Umsögn um umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi vegna áætlana um mögulega virkjun á vatnasviði Stóru-Laxár.

Í bréfi Orkustofnunar dagsettu 19.09. sl. er þess óskað að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um rannsóknarleyfi vegna áforma um virkjun í Stóru-Laxá. Sótt er um rannsóknarleyfi, til sex ára til ársloka 2023, til virkjunar í efri hluta Stóru-Laxár. Meðfylgjandi var umsókn Landsvirkjunar dagsett 7. 09 sl. ásamt greinargerð.

Um er að ræða endurnýjun á rannsóknarleyfi frá 2012, sem rann út í árslok 2016, þó með breyttu sniði.

Tilgangur rannsókna er að afla frekari gagna og upplýsinga um náttúrufar svæðisins svo unnt sé að afmarka nýtingarsvæði virkjunar, stærð hennar og aðra eiginleika til að unnt sé að meta hagkvæmni virkjunarinnar og umhverfisáhrif hennar.

Á korti er rannsóknarsvæðið afmarkað. Svæðið sem nú er sótt um til rannsókna er nokkru stærra en hið fyrra og nær 4-5 km norður fyrir norð austurmörk vatnasviðs Stóru-Laxár. Stækkunin er vegna mögulegrar veitu af efsta hluta vatnasviðs Fremri-Rauðár og Fúlár yfir á vatnasvið Stóru-Laxár. Ár þessar falla til Sandár sem er á vatnasviði Hvítár. Tilgreindar eru rannsóknir sem fyrirhugað er að ráðist verði í.

Fram kemur að unnið verði áfram að skoðun á fiskgenga hluta Stóru-Laxár í Laxárgljúfrum út frá þríviddarmælingum og að skoðaður verði botn og lífríki árinna á ófiskgenga hlut árinna. Einnig er nefnd skönnun á botni í Laxárgljúfri.

Gert er ráð fyrir inntakslóni í Stóru-Laxá við Helgaskála og öðru slíku um 4,5 km ofar í Leirá og vatni veitt þaðan til lónsins við Helgaskála. Úr lóni við Helgaskála yrði vatni veitt til Illaverslóns en það yrði myndað með stíflu á vatnasvæði Skillandsár við Stórás. Vatni yrði veitt þaðan til virkjunar. Stærð virkjunar er áætluð 30-35 MW en var í fyrra rannsóknarleyfi 25-30 MW. Tvær útfærslur eru nú inni í myndinni, annars vegar neðanjarðarvirkjun með afrennsli neðst í Skillandsá og hins vegar virkjun með stöðvarhúsi ofanjarðar, rétt ofan við ármót Skillandsár eða ofan við Hrunakrók. Ekki er fullljóst af innsendum gögnum hvar afrennsli þeirra verður nákvæmlega. Í útfærslu sem varðar fyrri virkjanaleyfi var eingöngu um að ræða stöðvarhús neðanjarðar með frárennsli til Skillandsár. Áætlað er að frumhönnun virkjunar verði lokið 2019.

ORKUSTOFNUN Skjalasafn			
Dags. mótt	30.11.2017	Ábrn.	52
Málsnumer	05/2017/0000	Aðrir	101
Skjalalykill	3013	---	---
Verknumer	1070000	Trún.	---
Fskj./aths.	---	Afrit til	---

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík 27. október 2017
Tilv.: FOR17090029/9.1.6

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Orkustofnunar frá 19. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi vegna áætlana um mögulega virkjun á vatnasviði efsta hluta Stóru-Laxár í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Þann 25. júlí 2012 veitti Orkustofnun Landsvirkjun rannsóknarleyfi vegna áætlana um mögulega virkjun á efri hluta vatnasviðis Stóru-Laxár í Hreppum. Rannsóknarleyfið rann út í lok árs 2016 og hefur Landsvirkjun því sótt um endurnýjun á leyfinu til ársins 2023. Tilgangur rannsóknanna er að afla frekari gagna og upplýsinga um náttúrfarar svæðisins til að unnt sé að afmarka nýtingarsvæði virkjunar, stærð hennar og aðra eiginleika svo hægt sé að meta hagkvæmni þessa virkjunarkosts og meta umhverfisáhrif hans.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að rannsóknarleyfið verði endurnýjað til ársins 2023, en minnir á að ráðuneytið hefur á þessu stigi ekki tekið afstöðu til þess hvernig hagað verði leyfisveitingu um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu á grundvelli laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og af rétta, verði niðurstaðan sú að virkja Stóru-Laxá á umræddum stað.

Hafi var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna við afgreiðslu erindisins, skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 58/1998.

Fyrir hönd ráðherra


Páll Þórhallsson


Sigurður Örn Guðleifsson

Ljósrit: Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Virkjunar- og nýtingarleyfi

Leyfishafa ber að skila Orkustofnun ákveðnum upplýsingum um eðli og umfang auðlinda, upplýsingum um heildarmagn og mat á verðmæti auðlindar sem nýtt hefur verið og fleiri atriðum samkvæmt nánari ákvæðum í viðkomandi leyfi. Eftir því sem við verður komið er æskilegt að gögnum verði skilað á stafrænu formi. Upplýsingar sem leyfishafi skal senda Orkustofnun árlega vegna virkjunar- og nýtingarleyfis vatnsorku eru:

- Skýrslur um daglegt notað vatn, framhjáhæð og vatnsborð í miðlunarlónum.
- Skýrslur um mánaðarlegt hámarks- og lágmarksvatnsborð í miðlunarlónum.
- Skýrslur um stöðu grunnvatns á áhrifasvæði vegna virkjunar, skv. nánari forsögn Orkustofnunar.
- Hita-, leiðni- og aurburðarmælingar í vatnsföllum, skv. nánari forsögn Orkustofnunar.
- Efnagreiningar á vatni úr einstökum vatnsföllum.
- Skýrslur um grunnvatns- og rennislíkanreikninga.
- Skýrslur um vatnsbólagerð og vinnsluboranir.
- Skýrslur um könnunarboranir og könnunarbrunna.
- Tölur og skýrslur um dæluþrófanir.
- Skýrslur um (endurskoðaðar) hugmyndir um jarðfræðilega gerð vatnasviðs og veita á því.
- Aðrar skýrslur eða tölur, sem máli skipta um tilgreinda auðlind og nýtingu hennar af hálfu leyfishafa.

Borholur og brunnar

Skilaskyld gögn um borholur, sem boraðar eru, eða brunna sem grafnir eru til rannsóknar eða nýtingar vatnsorku, eru annars vegar viss gögn um holurnar og/eða brunna sem mannvirki og hins vegar gögn sem holur og/eða brunnar veita um vatnsorkuna sem auðlind.

Mannvirkjaleg atriði borhola og brunna eru t.d.:

- Staðsetning holu eða brunns (hnit, staðarnafn, svæðisnafn)
- Dýpi holu og fódringar, frágangur á holutoppi eða brunni
- Tímasetning framkvæmdar

Upplýsingar um auðlindina sem mannvirkin veita eru t.d.:

- Rennsli úr mannvirki
- Hitastig vökva úr eða í mannvirki
- Hvar vatn kemur inn í mannvirkið
- Jarðlagasnið
- Efnasamsetning vökva úr eða í mannvirki
- Hitastig og þrýstingur í grunnvatnskerfi

Orkustofnun getur krafist þess að fá afrit af borskýrslu (dagbók jarðborunar) eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið og Orkustofnun getur einnig krafist þess að berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt. Að öðru jöfnu skal skilaskylda til Orkustofnunar takmarkast við þær upplýsingar sem leyfishafi vinnur úr þessum gögnum.

VIÐAUKI II

með rannsóknarleyfi til handa Landsvirkjun kt. 420269-1299, vegna áætlana um virkjun á vatnasviði Stóru-Laxár í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi, útgefnu 9. nóvember 2017.

YFIRLIT UM GAGNAKRÖFUR VEGNA EFTIRLITS ORKUSTOFNUNAR

Markmið eftirlits

Markmið eftirlits Orkustofnunar vegna rannsóknar-, virkjunar- og nýtingarleyfa er að nægileg þekking á rannsóknum og vinnslu auðlinda sé til staðar til að tryggja að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið, sbr. 25. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (auðlindalög). Einnig skal Orkustofnun hafa eftirlit með umgengni við auðlindir til varnar því að auðlindum sé spillt eða að framkvæmdir valdi hættu eða skaða, sbr. 24. gr. sömu laga. Niðurstöður sem fengnar eru við rannsókn auðlinda eru forsendur nýtingarleyfis og eftirlitsgögn sem safnað er við nýtingu auðlinda eru grundvöllur framlengingar á nýtingaleyfum. Af þessum sökum þarf eftirlitsaðili að halda gagnagrunn um rannsóknir og nýtingu auðlinda.

Meðferð upplýsinga

Upplýsingar sem veittar eru Orkustofnun vegna rannsóknarleyfis skulu bundnar trúnaði á gildistíma leyfis og framlengingar þess og forgangsréttartíma, svo og á gildistíma virkjunar- eða nýtingarleyfis sem veitt er rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis nema annað sé sérstaklega ákveðið í leyfinu.

Ef virkjunar- eða nýtingarleyfi er ekki gefið út til rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis fellur trúnaðarskylda niður og er þá Orkustofnun heimilt að láta umræddar upplýsingar í té og/eða nýta þær í þágu frekari leyfisveitinga.

Ef virkjunar- eða nýtingarleyfi er veitt öðrum aðila en þeim sem kostað hefur rannsóknir á svæðinu getur sá sem kostaði rannsóknirnar krafði virkjunar- eða nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna nýtanlegra rannsókna gegn afhendingu á niðurstöðum þeirra.

Upplýsingar sem veittar eru Orkustofnun vegna virkjunar- eða nýtingarleyfis skulu bundnar trúnaði á gildistíma virkjunar- eða nýtingarleyfis nema annað sé sérstaklega ákveðið í leyfinu.

Upplýsingar sem veittar eru Orkustofnun samkvæmt auðlindalögum skulu vera í vörslu stofnunarinnar og er stofnuninni óheimilt að veita þriðja aðila aðgang að gögnum nema með sérstöku leyfi leyfishafa.

Leyfishafi og leyfisveitandi skulu eftir föngum leitast við að gera niðurstöður rannsókna og vinnslu aðgengilegar svo af þeim megi læra, komandi kynslóðum til hagsbóta.

Rannsóknarleyfi

Leyfishafa ber að skila ákveðnum niðurstöðum rannsókna til Orkustofnunar svo stofnunin megi rækja eftirlitshlutverk sitt samkvæmt auðlindalögum. Umfang rannsókna ber að skilgreina nákvæmlega í þeirri rannsóknaráætlun sem lögð er til grundvallar á hverju rannsóknarleyfi og er hluti af viðkomandi leyfi. Viðkomandi rannsóknaráætlun setur þannig ramma um þau gögn sem leyfishafa ber að afhenda Orkustofnun. Þar sem því verður við komið er æskilegt að gögnum verði skilað á stafrænu formi.

Eigi sjaldnar en árlega skal leyfishafi senda Orkustofnun afrit af þeim skýrslum sem unnar hafa verið samkvæmt viðkomandi rannsóknaráætlun.





- Áframhaldandi rennismælingar. Stakar mælingar verða framkvæmdar og sérstök áhersla á að ná að mæla lágrennsli og flóðatoppa. Uppfæra rennislisraðir og rennislislyka fyrir vatnshæðarmæla í rekstri til að fá sem best mat á afrennsli svæðisins og rennsli til virkjunar.
- Skönnun á botni Laxárgljúfurs frá ármótum Skillandsár að fossi innan Uppgöngugils, mögulega með Lidar-skanna.
- Mælingar og mat á lausmassadýpt fyrir mögulegar pípuleiðir frá Illaveri niður að Skillandsá sem og fyrir stíflur og veituskurði Fúlárveitu og Fremri-Rauðárveitu.
- Gert er ráð fyrir að framkvæma kortaflug og kortagerð fyrir þrýstipípuleiðir frá Illaveri niður að Skillandsá sem og fyrir stíflur og veituskurði Fúlárveitu og Fremri-Rauðárveitu verði veitur þeirra taldar hagkvæmar.
- Vegna verkhönnunar er nauðsynlegt að vinna betri grunnkort af framkvæmdasvæði. Gert er ráð fyrir að vinna kort með 0,5 m hæðarlínunum af öllu svæðinu.
- Jarðfræðirannsóknir. Gert er ráð fyrir að vinna að frekari efnisleit fyrir stíflumannvirki og steypuefni. Bora þarf nokkrar kjarnaholur til viðbótar á jarðgangaleið, verði sú tilhögun valin til verkhönnunar.
- Líffræðirannsóknir. Unnið verður áfram að skoðun á fiskgenga hluta Laxárgljúfra út frá niðurstöðum þrívíddarmælinga. Skoðaður verður botn og lífríki árinna á ófiskgenga hluta árinna.
- Þegar stærð lónstæða og raskaðs lands liggur fyrir verður gerð áætlun um uppgræðslusvæði í samráði við Landgræðsluna og Upprekstrarfélag Flóa og Skeiða til að bæta fyrir þann gróðu sem glatast.



9. Niðurstöður rannsóknar á áhrifum hugsanlegrar virkjunar í Stóru Laxá á útivist og ferðamennsku. Efla 2015. Skýrsla LV-2016-014
10. Bifreiðatalningar vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Stóru Laxá. Rögvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir 2015. Skýrsla LV-2016-017
11. Virkjun í Stóru Laxá. Landslag og landnotkun. Efla 2015. Skýrsla LV-2016-016.

Tilhögun virkjunar.

Miðað við núverandi hönnunarstöðu er fyrirkomulag virkjunar má sjá á mynd 1 hér að framan. Gert er ráð fyrir að Stóra-Laxá verði stífluð norður af Tangaveri, við Helgaskála undir Fremstahnúki, við það myndast Laxárlón. Eins er gert ráð fyrir að Leirá verði stífluð um 4,5 km norður af Helgaskála, miðja vega milli Skollabúða og Geldingafells, og með því myndast lítið lón, Leirárlón, og vatni veitt um veituskurð til Laxárlóns.

Úr suðurenda Laxárlóns er vatni veitt um veituskurð í Illaverslón.

Miðlunarlón virkjunarinnar, Illaverslón, myndast með gerð stíflu í Illagili norðvestur af Stórás sem myndi ná frá Kambi í vestri um efstu drög Kofagils ofan Kóngsás og þvera Illagil. Þá verður lítil stífla reist í dragi efst í Eystritungum skammt austan Illaversstíflu. Þá þarf að reisa litla stíflu á vatnaskilum sunnan Geldingatanga ofan efstu draga Uppgöngugils.

Við suðvesturenda Illaverslóns verður inntak virkjunarinnar, hvort heldur virkjun ofan- eða neðanjarðar.

Fyrir neðanjarðarvirkjun eru hugmyndir um aðrennsli að stöðvarhúsi tvær, fyrri hugmyndin er að vatni verði veitt um lítið hallandi aðrennslisgöng og lóðrétt fallgöng en sú seinni að aðrennslisgöng verði einhalla niður að stöðvarhúsi. Í báðum tilfellum eru svo frárennslisgöng út í Skillandsá.

Fyrir ofanjarðarvirkjun yrði vatni veitt um fallpípu að stöðvarhúsi. Tvær hugmyndir eru um staðsetningu ofanjarðar stöðvarhúss, fyrri hugmyndin gerir ráð fyrir stöðvarhúsi rétt ofan ármóta Stóru-Laxár og Skillandsár en seinni að stöðvarhúsið yrði talsvert neðar í Hrunakrök og þá myndi fallpípan þvera Skillandsá. Tvær mögulegar leiðir koma til greina fyrir þrýstipípuna, önnur niður Kóngsás og Kamb eða niður Kofagil.

Miðað er við að virkjunin tengist með 66 kV jarðstreng við tengivirki Landsnets á Flúðum, sem er í um 14 km fjarlægð.

Fyrirhugaðar rannsóknir á næstu 5 árum.

Stefnt er að því að ljúka við frumhönnun á virkjuninni á árinu 2019, verða þar bæði skoðaðir möguleikar á neðanjarðarvirkjun og ofanjarðarvirkjun, en tilhögun á veitum og miðlunarlóni verður sú sama. Áætluð stærð virkjunar er 30-35 MW og lauslega áætluð orkugeta út frá fyrirbyggjandi rennsisgöngnum er 180-200 GWh/a.

Staðarmörk þess svæðis sem leyfisumsóknin varðar eru sýnd á mynd 1 hér að ofan. Inn á myndina er felld hnitaskrá yfir mörk fyrirhugaðs rannsóknarsvæðis.

Hér að neðan eru taldar helstu viðbótar rannsóknir og viðbótar gagnaöflun, sem Landsvirkjun telur nauðsynlegt að afla til að unnt sé að taka ákvörðun um frekari undirbúning virkjunar, þ.e. verkhönnun.



Mælingar og kortagerð.

Í upphafi rannsóknartímans voru ekki fyrir hendi nákvæmari kort af svæðinu en kort í 1:50.000 með 5 m hæðarlínunum og lítið um fastmerki með hæðum og hnitum. Því var ljóst að bæta þyrfti þar verulega úr. Því var á árinu 2013 komið fyrir og mæld inn í landskerfið nokkrum nýjum fastmerkjum sem ná yfir rannsóknarsvæðið. Þá var flogið yfir svæðið og nákvæmara myndkort gert af helstu mannvirkjasvæðum.

Jarðfræðirannsóknir.

Árið 2013 hófust jarðfræðirannsóknir virkjunarinnar og var verkfræðistofan EFLA í forsvari fyrir þeirri vinnu með aðkomu ýmissa ráðgjafa. Fyrsta könnun á jarðlögum og efnisleit á svæðinu fór fram á árinu og unnið var að gerð berggrunnskorts. Árið 2014 voru nokkrar loftborsholur boraðar og tvær kjarnaholur jarðkönnun og loftboranir á helstu stíflustæðum og skurðleiðum. Einnig voru hugsanlegar efnisnámur kannaðar. Á árinu 2015 var 150 m kjarnahola boruð í mögulegt stöðvarhússtæði í Kambi og frekari efnissýni tekin. Niðurstöður benda til þess að berglagastaflinn þar sem áformuð eru neðanjarðarmannvirki sé samsettur úr ágætis bergi með almennt lága lekt.

Niðurstöður þessara rannsókna er að finna meðfylgjandi jarðfræðiskýrslum en sérstök jarðfræðiskýrsla verður gefin út við lok frumhönnunar.

1. *Stóra-Laxá-Illagil. Berggrunnskort 1:10.000. ÍSOR-2014/019*
2. *Stóra Laxá. Jarðfræðirannsóknir vegna frumhönnunar. Efla júlí 2015. Verknr. 1611-155.*
3. *Stóra Laxá. Jarðfræðirannsóknir vegna frumhönnunar. Efla október 2016. Verknr. 1611-155.*

Aðkoma og vegslóðagerð.

Á rannsóknartímabilinu var endurbættur vegslóði frá Laxárdal inn Flóa- og Skeiðamannaafrétt að Skillandsá. Þaðan var gerður nýr vegslóði vestan við Moskoll upp að stíflustæðum og þaðan til vesturs að Geldingaverstanga og eftir honum áleiðis að Tangaveri. Framkvæmdin var gerð í samráði við sveitastjórn, Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða og Umhverfisstofnun. Á næsta rannsóknarleyfistímabili er áformað að tengja núverandi vegslóðir við línuveginn framan við helgaskála og eru leyfi sveitastjórnar og Umhverfisstofnunar fyrir hendi.

Umhverfisrannsóknir

Verulegar náttúrufars- og umhverfisrannsóknir hafa farið fram á árunum 2014-16, sem beindust m.a. að því að afla nægilegra gagna fyrir verkefnisstjórn í 3. áfanga rammaáætlunar.

Þessar rannsóknir eru helstar:

4. *Gróðurkort af fyrirhuguðu virkjunarsvæði við Stóru Laxá. Náttúrufræðistofnun Íslands. Skýrsla LV-2015-102.*
5. *Stóra Laxá í Hreppum. Vatnalíf, veiðinytjar og virkjun. VMST/15011. LV2015-128.*
6. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Stóru Laxárvirkjunar. Fornleifafræðistofan. Bjarni Einarsson 2015. Skýrsla LV-2016-013.*
7. *Fuglar á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar í Stóru Laxá. Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson. Skýrsla LV 2016-015*
8. *Grunnvatnsrannsókn af vatnasviði Stóru-Laxár við Laxárgljúfur. ÍSOR 2016. Skýrsla LV-2016-126.*




Yfirlit yfir rannsóknir á árunum 2013-2016.

Rennslismælingar.

Við upphaf rannsókna á árinu 2013 var einungis rennslismælistaður við Stórhyl allnokkru neðan við rannsóknarsvæðið, sem hafði verið í rekstri frá árinu 2000. Rennslislykill hans var ekki góður fyrir mikið rennsli, en á rannsóknartímabilinu hefur tekist að bæta lykilinn verulega. Á árinu 2013 var komið fyrir tveimur vatnshæðarmælum 18 km ofar á vatnasviðinu bæði í Stóru-Laxá og Leirá nálægt þeim stað sem fyrirhugað er að veita ánum saman inn í miðlunarlón í Illaveri. Þessir mælar hafa verið í rekstri í rúm 3 ár. Hafa þeir gefið mikilvægar vísendingar um líklegt hlutfall rennslis þar miðað við mælingar frá mælinum við Stórhyl, en nauðsynlegt er þó að fá betri og lengri rennslismælingar frá efri mælunum á næstu árum.

Í nóvember 2016 setti Veðurstofan upp rennslismæla í bæði Fúlá (V620) og Fremri-Rauðá (V621). Tilgangur með þeim mælingum er að áætla vatnsmagn í þessum ám og kanna hvort hagkvæmt sé að veita þeim yfir í Þurrukvísl og þaðan til Stóru-Laxár og auka þar með það vatn sem rennur til fyrirhugaðrar virkjunar. Gert er ráð fyrir áframhaldi á þessum mælingum í nokkur ár til viðbótar.



Mynd 2. Staðsetning núverandi vatnshæðarmæla.



Dags. 7.9.2017

Tilvisun: 2013-543 / 00.03

Greinargerð

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi til Landsvirkjunar á efsta hluta vatnasviðs Stóru Laxár

Í samræmi við 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 og með vísan til 40. gr. raforkulaga nr. 65/2003 veitti Orkustofnun hinn 25. júlí 2012 Landsvirkjun rannsóknarleyfi vegna áætlana um mögulega virkjun á efri hluta vatnasviðs Stóru Laxár í Hreppum. Rannsóknarleyfið var veitt til ársloka 2016.

Landsvirkjun hefur að undanförunni unnið að undirbúningi fyrir áframhaldandi rannsóknir á vatnasviðinu til næstu 5 ára, en á því tímabili er stefnt að því að ljúka við frumhönnun virkjunar, vinna að undirbúningsrannsóknnum vegna verkhönnun virkjunarinnar og hefja vinnu við mat á umhverfisáhrifum hennar.

Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar hefur lagt til að virkjunarkosturinn fari í biðflokk. Á rannsóknartímabilinu verður því unnið að því að koma virkjunarkostinum í nýtingarflokk í niðurstöðum 4. áfanga rammaáætlunar. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að fara í mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og verkanna hana.

Tilgangur rannsókna.

Tilgangur rannsókna er að afla frekari gagna og upplýsinga um náttúrufer svæðisins til að unnt sé að afmarka nýtingarsvæði virkjunar, stærð hennar og aðra eiginleika til að unnt sé að meta hagkvæmni þessa virkjunarkosts og meta umhverfisáhrif hans.

Afmörkun rannsóknarsvæðis.

Á meðfylgjandi yfirlitskorti á mynd 1 er afmörkun á nýju rannsóknarsvæði sýnd ásamt hnitaskrá fyrir svæðið. Svæðið er nokkru stærra til norðurs en fyrra rannsóknarsvæði og nær núna 4-5 km norður fyrir norðaustur mörk vatnasviðs Stóru Laxár. Er það gert með það í huga að skoða möguleika á veitu af efsta hluta vatnasviðs Rauðár og Fúlár yfir í Leirá eða Stóru Laxá. Landeigendur er þeir sömu og kom fram í bréfi Landsvirkjunar 14.03.2012 vegna umsóknar um fyrra rannsóknarleyfi.

Tímaáætlun um rannsóknir á vatnasviði Stóru Laxár 2017-2023.											
Rannsóknarþættir/Ár:	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023				
Vatnafræðirannsóknir:											
Rennslismælingar											
Nýtt rennislíkan vegna virkjunar											
Landmælingar og kortagerð											
Jarðfræðirannsóknir:											
Jarðefnisrannsóknir											
Kjarnboranir og berglagarannsóknir											
Umhverfisáhrif:											
Vatnalífrannsóknir											
Gróðurannsóknir á mannvirkjæsvæðum											
Könnun á uppgræðslusvæðum											
Rannsóknir vegna undirbúnings MAU											
Vinna við mat á umhverfisáhrifum											
Frumhönnun virkjunarkosta											
Verkhönnun virkjunar											



Landsvirkjun

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

ORKUSTOFNUN Skjalasafn		Abm.	512
Dags. mótt.	07.09.2017	Aðrir	BP
Málsnúmer	052017000001	---	50
Skjalalykill	1070000	Trún.	17
Verknúmer	7615	Afrit til	21

Reykjavík, 07.09.2017
Tilvísun vor: 2013-543 / 00.03.01

Efni: Endurnýjun á rannsóknarleyfi á efsta hluta vatnasviðs Stóru-Laxár

Með vísan til 40 gr. raforkulaga nr. 65/2003 og laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sækir Landsvirkjun hér með um endurnýjun á leyfi til rannsókna á efsta hluta vatnasviðs Stóru-Laxár í Hreppum. Hinn 25. júlí 2012 veitti Orkustofnun Landsvirkjun rannsóknarleyfi vegna áætlana um hugsanlega virkjun á vatnasviðinu, en það leyfi rann út í árslok 2016.

Allt frá árinu 2012 hefur Landsvirkjun unnið að margháttuðum rannsóknum á virkjunarsvæðinu. Hefur tekist að ljúka öllum fyrirhuguðum rannsóknum, sem um var getið í eldra rannsóknarleyfi og á sumum sviðum hafa rannsóknir orðið nokkru umfangsmeiri en að var stefnt, sem tengist þá einkum vinnu vegna 3. áfanga rammaáætlunar, en verkefnisstjórn hefur lagt til að virkjunin fari í biðflokk.

Í meðfylgjandi greinargerð er gerð grein fyrir þeim rannsóknum sem unnar hafa verið á sl. 4 árum og fylgja skýrslur um þær hér með. Jafnframt hefur Landsvirkjun sent Orkustofnun skýrslurnar á rafrænu formi. Þá er í greinargerðinni einnig gerð grein fyrir þeim rannsóknum sem fyrirhugað er að ráðast í á nýju rannsóknartímabili ásamt tímasetningu þeirra.

Sótt er hér með um rannsóknarleyfi til 6 ára eða til ársloka 2023. Á þeim tíma er stefnt að því að ljúka frumhönnun virkjunarinnar, vinna að því að koma virkjunarkosti í nýtingarflokk 4. áfanga rammaáætlunar og undirbúa og vinna að mati á umhverfisáhrifum. Þá er stefnt að því að ljúka við gerð verkhönnunar virkjunarinnar í lok rannsóknartímans.

Virðingarfyllst


Hörður Arnarson
forstjóri

Meðf. fskj.

Fylgiskjal 1. með rannsóknarleyfi á vatnasviði efstu hluta Stóru Laxár

Orkusstofnun 09.11.2017

0 2 4 6 km



Leyfissvæði	
X	Y
1.	450749 409536
2.	445749 411639
3.	461108 430531
4.	474443 429975
5.	460314 412473

Leyfi þetta undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í lögum nr. 57/1998 eða öðrum lögum sem starfsemin fellur undir.


Áður en framkvæmdir hefjast skulu önnur leyfi sem lög kveða á um liggja fyrir, svo sem framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, sbr. ákvæði skipulagslaga, nr. 123/2010.

15. gr.

Leyfisgjald

Leyfishafi skal greiða kr. 41.500 gegn afhendingu leyfisbréfs þessa, sbr. 34. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum.

Reykjavík, 9. nóvember 2017



Guðni A. Jóhannesson
orkumálástjóri

Fylgiskjöl:

- Kort af rannsóknarsvæðinu
- Umsókn Landsvirkjunar
- Viðauki II um gagnakröfur vegna eftirlits Orkustofnunar

10. gr.

Upplýsinga- og tilkynningarskylda

Leyfishafi skal 1. maí ár hvert og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um niðurstöður rannsókna ásamt upplýsingum um eðli og umfang auðlindarinnar. Leyfishafi skal að öðru leyti fara að ákvæðum 22. gr. laga nr. 57/1998 varðandi upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu. Nánar er kveðið á um þessi atriði í Viðauka II, við rannsóknarleyfi þetta. (fskj. 3).

Upplýsingar, sem rannsóknarleyfishafi veitir Orkustofnun eða öðrum opinberum aðilum samkvæmt auðlindalögum um rannsóknir svo og niðurstöður rannsókna á innsendum sýnum, eru bundnar trúnaði á gildistíma leyfisins, svo og á gildistíma nýtingarleyfis, komi til útgáfu slíks leyfis.

Verði virkjunarleyfi gefið út til leyfishafa í kjölfar þessa leyfis fellur trúnaðarskylda varðandi framangreind gögn niður fimm árum eftir að gildistíma leyfisins lýkur, og er þá Orkustofnun heimilt að láta umrædd gögn í té og/eða nýta þau í þágu frekari leyfisveitinga.

11. gr.

Skaðabótaskylda

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Áður en leyfið er veitt skal leyfishafi sýna fram á að hann hafi tryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi vegna tjóns sem kann að hljótast af starfsemi hans almennt.

12. gr.

Framsäl

Leyfi þetta verður ekki framselt né má setja það til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi Orkustofnunar, sbr. 32. gr. laga nr. 57/1998.

13. gr.

Afturköllun

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á, sbr. 20. gr. laga nr. 57/1998 eða samningum sem tengjast leyfinu.

Verði eftirlitsaðili var við brot leyfishafa á lögum, reglugerðum eða ákvæðum leyfis þessa skal hann þá veita leyfishafa skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið. Sama á við ef vikið er frá samkomulagi skv. 9. gr. leyfisins.

14. gr.

Önnur leyfi

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Um rannsóknir samkvæmt leyfinu gilda auk laga nr. 57/1998, náttúruverndarlög, nr. 60/2013, skipulagslög, nr. 123/2010, þjóðminjalög, nr. 107/2001 auk annarra laga er varða rannsóknir á jarðrænum auðlindum.

7. gr.

Skyldur leyfishafa

Við rannsóknir samkvæmt leyfi þessu skal leyfishafi gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skal leyfishafi gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki að óþörfu. Þá skal leyfishafi forðast eins og kostur er að skerða heildarsýn náttúruminja og náttúrufars á svæðinu, sbr. ákvæði 8. gr. leyfisins.

Leyfishafi skal við framkvæmdir á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu annarra aðila, taka tillit til og hafa samráð við aðila sem stunda nýtingu í nágrenni rannsóknarsvæðisins.

8. gr.

Vernd og frágangur starfsstöðva og svæðis

Um vernd rannsóknarsvæðis gilda, auk laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, lög um náttúruvernd, nr. 60/2013. Leyfishafa ber í hvívetna að fara að lögum í umgegni um rannsóknarsvæðið.

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við rannsóknir og framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum.

Leyfishafi skal fjarlægja á sinn kostnað öll mannvirki og skilja við svæðið, svo sem kostur er, í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir. Þá skal leyfishafi standa þannig að framkvæmdum að þær hafi sem minnst rask í för með sér og skerði ekki verndargildi svæðisins og að gætt verði að sjónrænum áhrifum við framkvæmdir.

9. gr.

Eftirlit

Orkustofnun hefur, samkvæmt 21. gr. laga nr. 57/1998 eftirlit með framkvæmd leyfis þessa. Áður en leyfishafi hefur rannsóknir á grundvelli leyfis þessa skal hann gera samkomulag við Orkustofnun um eftirlit þar sem gera skal grein fyrir umfangi eftirlits og kostnaði við það. Nota skal innra eftirlit leyfishafa eftir því sem nokkur kostur er.

Verði settar reglur um framkvæmd eftirlits með rannsóknar- og nýtingarleyfum á gildistíma leyfisins skulu þær gilda um eftirlit með framkvæmd þessa leyfis.

Orkustofnun mun hafa samráð við Umhverfisstofnun og aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur varðandi framkvæmd eftirlits.

Leyfishafi greiðir allan kostnað af eftirliti samkvæmt samningi.

Rannsóknir leyfishafa eða undirbúningur þeirra skal hefjast innan fjögurra mánaða frá útgáfu leyfisins og ljúka fyrir 8. nóvember 2023.

3. gr.

Rannsóknaráætlanir

Leyfishafa ber að haga rannsóknum á leyfissvæðinu í samræmi við umsókn sína sem er fylgiskjal (fskj. 3) með leyfi þessu. Hann skal árlega gera Orkustofnun grein fyrir niðurstöðum rannsókna og gera jafnframt grein fyrir endurskoðun á áætlun um rannsóknir sínar á leyfissvæðinu ef um veruleg frávik er að ræða frá upphaflegri áætlun eða rannsóknir auknar frá því sem gert var ráð fyrir í rannsóknaráætlun.

Leita skal samþykkis Orkustofnunar ef verulegar breytingar verða á gildandi rannsóknaráætlun.

4. gr.

Staðarmörk svæðis

Leyfið tekur til svæðis á efri hluta vatnasviðs Stóru Laxár sbr. fylgiskjal nr. 1, kort af rannsóknarsvæðinu ásamt hnitaskrá.

Komi til þess að leyfishafi telji sig þurfa að víkka út rannsóknarsvæðið, ber honum að leita samþykkis Orkustofnunar um slík áform, sbr. 3. gr.

5. gr.

Mat á umhverfisáhrifum, skipulag og starfsleyfi

Framkvæmdir á rannsóknarsvæðinu kunna, eftir atvikum, að vera háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000. Rannsóknarleyfi þetta er háð því að farið hafi verið að framangreindum lögum áður en fyrirhugaðar framkvæmdir á rannsóknarsvæðinu hefjast. Aðrar framkvæmdir rannsóknarleyfishafa kunna, eftir atvikum, að vera háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsskyldar framkvæmdir á vegum leyfishafa skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. skipulagslög nr. 123/2010.

Leyfishafi skal afla starfsleyfis hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd vegna jarðborana, sbr. reglugerð nr. 785/1999.

6. gr.

Réttindi leyfishafa

Landeiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita leyfishafa óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á og ber landeiganda eða umráðamanni að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkun á umráðarétti og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna rannsóknar í samræmi við leyfi þetta, sbr. 1. og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 57/1998.



Orkumálastjóri gerir kunnugt

Í samræmi við 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 og sbr. 40. gr. raforkulaga nr. 65/2003 veitir Orkustofnun hér með Landsvirkjun., kt. 420269-1299, hér eftir nefndri leyfishafi,

Rannsóknarleyfi vegna áætlunar um virkjun á efri hluta vatnasviðs Stóru- Laxár í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var leitað umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Hafrannsóknastofnunar, í samræmi við 4. mgr. 5. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Með vísan til 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 var einnig leitað umsagnar landeigenda.

1. gr.

Almennt

Leyfið felur í sér heimild til handa leyfishafa til að framkvæma mælingar og rannsóknir á viðkomandi svæði á leyfistímanum í samræmi við rannsóknaráætlun, sbr. 3. gr. leyfisins.

Leyfið felur hvorki í sér heimild til nýtingar eða virkjunar á vatnasviði rannsóknarsvæðisins, né forgang til slíkrar nýtingar eða fyrirheit um virkjunarleyfi. Komi til nýtingar þarf leyfishafi að sækja um sérstakt virkjunarleyfi og ná samkomulagi við umráðahafa vatnsréttinda á svæðinu um endurgjald fyrir auðlindina eða afla sér eignarnámsheimildar.

2. gr.

Gildistími

Leyfið gildir frá 9. nóvember 2017 til 8. nóvember 2023, enda hafi leyfishafi lagt fram tryggingu, sbr. 14. gr. leyfis þessa.



Stjórnvaldsáskvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð máls fer að öðru leyti skv. ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993.



Skúli Thoroddsen

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Linda Georgsdóttir

Afrit sent til: Umsagnaraðila

Fylgiskjöl: Leyfi

eftir fremsta megni þannig að sjónrænum áhrifum af rannsóknum verði haldið í lágmarki. Orkustofnun ítrekar enn fremur að leyfishafi gæti ákvæða 5., 7., og 8. gr. leyfisins við framkvæmd þess.

Þá telur Orkustofnun mikilvægt að þess sé gætt, komi ekki til nýtingar síðar meir, að frágangur verði með þeim hætti að ummerki vegna mögulegra framkvæmda vegna rannsókna á svæðinu verði fjarlægð.

Þá ítrekar Orkustofnun einnig það lögformlega skilyrði að önnur leyfi skuli liggja fyrir sem lög kveða á um áður en leyfisskyldar framkvæmdir hefjast. Í þessu samhengi bendir Orkustofnun á að lögum nr. 57/1998 er ekki ætlað að hrófla við eða víkja úr vegi löggjöf og reglum á sviði umhverfis-, náttúruverndar- og skipulagsmála, hvorki að því er varðar rannsóknir né nýtingu auðlinda. Lögnum er ekki ætlað að taka með heildstæðum hætti á umhverfismálum, náttúruvernd eða skipulagsmálum, sem tengjast rannsóknum eða nýtingu þessara auðlinda. Um þau atriði gilda ýmis lög á sviði umhverfis- og skipulagsmála og eiga þau einnig við um rannsóknir og nýtingu samkvæmt lögnum. Er þetta áréttað í 1. gr. laga, nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu þar sem segir að um rannsóknir og nýtingu samkvæmt lögnum gildi einnig náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem varði rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða.

Rannsóknarleyfi er leyfi til leitar og rannsókna. Í rannsóknarleyfi til handa Landsvirkjun er þ.a.l. í 5. og 8. gr. og 14. gr. tekið fram að leyfið sé háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Það undanþiggi ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í lögum, nr. 57/1998, eða öðrum lögum sem starfsemin fellur undir. Þá er skýrt kveðið á um að leyfishafa beri í hvívetna að fara að lögum í umgengni um rannsóknarsvæði, taka tillit til umhverfissjónarmiða við rannsóknir og framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum. Er sérstaklega bent á að um vernd rannsóknarsvæðis gildi lög um náttúruvernd.

Með vísan til framanritaðs vekur Orkustofnun athygli á að umrætt rannsóknarleyfi felur í sér almennt leyfi til rannsókna, en ekki leyfi til einstakra rannsóknarframkvæmda, hvort sem er yfirborðsrannsókna eða rannsóknarborana. Fyrirhugaðar framkvæmdir rannsóknarleyfishafa í kjölfar útgáfu þessa rannsóknarleyfis eru því háðar leyfum þar til bærri yfirvalda. Rannsóknarleyfi þetta raskar því á engan hátt þeirri vernd sem náttúru og umhverfi er tryggð með öðrum lögum.

Með vísan til framanritaðs og í samræmi við III. kafla laga, nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og með vísan til 40. gr. raforkulaga nr. 652003, veitir Orkustofnun hér með Landsvirkjun leyfi til rannsókna á svæði á efri hluta vatnasviðs Stóru Laxár, þar sem stefnt er að því að rannsaka hagkvæmni þess að nýta rennsli árinna og fall frá miðlunarlóni vegna hugsanlegar virkjunar, sbr. meðfylgjandi rannsóknarleyfi ásamt fylgiskjölum.

Gjald vegna veitingar rannsóknarleyfis þessa er 41.500 kr., sbr. 34. gr. laga, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum. Rannsóknarleyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt auðlindalögum, sæta kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 33. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina nr. 130/2011.

nr. 48/2011, er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknun og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar. Þá telur Náttúrfræðistofnun Íslands að taka eigi tillit til laga um náttúruvernd eftir því sem við á. Í ljósi þessa leggst Náttúrfræðistofnun Íslands fyrir sitt leiti ekki gegn því að umbeðið rannsóknarleyfi verði veitt.

Umsögn Hrunmannahrepps, dags. 4. október 2017, barst Orkustofnun þann 10. s.m.

Orkustofnun bendir á að leitað var umsagnar Hrunamannahrepps, sem landeiganda jarðarinnar Hrunakróks að hluta, á efri hluta vatnasviðs Stóru Laxár. Sveitarfélag sem slíkt er ekki umsagnaraðili vegna rannsóknarleyfa, hvorki að auðlindalögum né stjórnsýslulögum, en umsögn sveitarfélagsins virðist benda til þess að sveitarstjórn hafi fjallað um umsóknina á þann hátt, en þar segir; „Það er yfirlýst stefna og vilji sveitarstjórnar að náttúruvernd og sérstaða vatnasviðs Stóru-Laxár og hinna einstöku Laxárgljúfra verði í engu ógnað og leggst því alfarið gegn útgáfu rannsóknarleyfisins“.

Að mati Orkustofnunar er sú huglæga afstaða sveitarstjórnar til náttúruverndar sem fram kemur í umsögninni vissulega góðra gjalda verð, en hún er hins vegar óviðkomandi þeim hlutlægu málsástæðum sem varða málsmeðferð Orkustofnunar vegna umsóknar Landvirkjunar um rannsóknarleyfi. Slíkt leyfi, á umræddu vatnasviði, felur einungis í sér heimild til þess að rannsaka umfang, magn og afkastagetu vatnsauðlinda á vatnasviðinu, jarðfræði umhverfisins og möguleg áhrif á lífríki svæðisins vegna hugsanlegar virkjunar á svæðinu og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögnum og Orkustofnun telur nauðsynlega. Rannsóknarleyfi felur hvorki í sér heimild til virkjunar eða annarrar auðlindanýtingar né framkvæmdaleyfi sem hafi í för með sér neikvæð áhrif á ónortna náttúru svæðisins svo sem á veiði og vatnsvið Stóru-Laxár, eins og sveitarstjórnin virðist ætla. Að mati Orkustofnunar liggja því ekki hvorki fyrir hlutlægar né málefnalegar málsástæður sveitarfélagsins eða lagarök sem mæli gegn umsókn Landsvirkjunar.

Orkustofnun hefur ekki borist umsögn Ævars Guðmundssonar, eiganda Kaldbaks. Með vísan til umsagnarbeiðninnar lítur Orkustofnun svo á að ekki séu gerðar athugasemdir við umsóknina.

Orkustofnun hefur farið yfir umsókn Landsvirkjunar og meðfylgjandi rannsóknaráætlun og umsagnir sem stofnuninni bárust.

Orkustofnun bendir á að um er að ræða umsókn um leyfi til rannsókna á svæði á efri hluta vatnasviðs Stóru Laxár, þar sem stefnt er að því að rannsaka hagkvæmni þess að nýta rennsli árinna og fall vegna hugsanlegar virkjunar.

Orkustofnun ítrekar að rannsóknarleyfi felur ekki í sér heimild til nýtingar á auðlind né fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi eða virkjunarleyfi, komi til mögulegrar nýtingar á auðlindinni. Ítrekar Orkustofnun það sem segir í 2. mgr. 1. gr. leyfisins um að leyfið veitir ekki heimild til nýtingar á jarðrænum auðlindum eða virkjunarleyfi.

Orkustofnun tekur undir þau sjónarmið Umhverfisstofnunar, Hafrannsóknarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að raski sé haldið í lágmarki og leggur áherslu á að gengið sé um svæðið af mestu varkárni og í samræmi við náttúruverndarlög, nr. 60/2013. Að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða

Umsögn forsætisráðuneytis, dags. 27. október 2017, barst Orkustofnun þann 30. október 2017

Í umsögn forsætisráðuneytisins eru ekki gerðar athugasemdir við að leyfið verði endurnýjað til ársins 2023, en minnt á að ráðuneytið hafi ekki tekið afstöðu til þess hvernig hagað verði leyfisveitingum um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna á grundvelli laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, verði niðurstaðan sú að virkja Stóru-Laxá á umræddum stað. Vísað er til þess að samráð hafi verið haft við samstarfsnefnd um málefni þjóðlenda skv. 1. mgr. 4. gr., laga nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar, dags. 27. september 2017, er fjallað um og vísað til umsagnar Veidimálastofnunar vegna fyrra rannsóknarleyfisins árið 2012 m.a. um umhverfi Stóru Laxár, veiðinytjar og seiðabúskap, þar sem umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi umræddra framkvæmda á síðari stigum geri ráð fyrir rannsóknum á lífríki í vatni á skertum svæðum með skertu rennsli og í farvegum þar sem lón verða til og til samanburðar utan þeirra. Þá segir í umsögninni að mikilvægt sé að við rannsóknir á virkjunarhugmyndum verði þess gætt að óþarfa rask verði ekki af umferð tækja og að mengandi efni berist ekki í vatn á svæðinu. Einnig er bent á 33. gr. laga nr. 61/2001 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum um heimild til mannvirkjagerðar í veiðivötnum.

Hafrannsóknarstofnun bendir að um sé að ræða breytta tilhögun frá fyrra rannsóknarleyfi. Því þurfi að gera frekari rannsóknir á lífríki, útvíkka svæðið og meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda í heild.

Hafrannsóknarstofnun bendir á að landeigendur og félög þeirra sem eiga nýtingarrétt til lax- og silungsveiði á áhrifasvæði framkvæmdanna verði upplýstir um gang mála. Umhverfi og náttúra Stóru Laxár sé mikilfengleg og um margt sérstök en Stóra-Laxá er ein af stærstu dragám landsins á móbergssvæðum. Um sé að ræða verðmæta náttúru sem að auki er með nýtingu og afar mikilvægt að sem best þekking sé á lífríki og náttúruferli árinna og áhrifasvæða þegar kemur að ákvörðun um hugsanlegar framkvæmdir.

Orkustofnun tekur undir sjónarmið Hafrannsóknarstofnunar að mikilvægt sé að við rannsóknir á virkjunarhugmyndum verði þess gætt að óþarfa rask verði ekki af umferð tækja og að mengandi efni berist ekki í vatn á svæðinu, en bendir á að samkvæmt 5. gr. auðlindalaga, felur rannsóknarleyfi í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögnum og Orkustofnun telur nauðsynlega. Rannsóknarleyfi felur ekki í sér heimild til virkjunar eða annarrar auðlindanýtingar. Rannsóknarleyfi er ekki framkvæmdaleyfi.

Umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 24. október 2017, barst Orkustofnun þann 26. s.m.

Umhverfisstofnun tekur fram að helstu rannsóknir sem ráðist verði í séu m.a. rennslismælingar, kortagerð, líffræðirannsóknir og jarðfræðirannsóknir. Bent er á að slóðir liggi víða um fyrirhugað rannsóknarsvæði sem ætti að nýta sem aðkomuleið stórvirkra véla eins og kostur er. Þar sem grafnar verði rannsóknargryfjur ætti að ganga vel frá yfirborði og halda raski í lágmarki þar sem boraðar verða rannsóknarholur. Að öðru leiti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 13. október 2017, barst Orkustofnun þann 17. s.m.

Náttúrufræðistofnun bendir á að umrædd landsvæði sé í biðflokki 3ju rammaáætlunar að tillögu verkefnastjórnar sem bendi til þess að ekki liggi fyrir nægjanlegar rannsóknir og upplýsingar til að meta t.d. verndargildi svæðisins. Bent er á að samkvæmt 2. og 3. mgr. 5. gr. laga um verndar og orkunýtingaráætlun

Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Reykjavík, 9.11.2017
Tilvísun: OS2017080001/50.4.3
Verknúmer: 1070000

Efni: Fylgibréf með umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi vegna áætlana um mögulega virkjun á vatnasviði efsta hluta Stóru-Laxár í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Orkustofnun vísar til umsóknar Landsvirkjunar dags. 8. september 2017 um leyfi til rannsókna á svæði á efri hluta vatnasviðs efsta hluta Stóru-Laxár í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi, með vísan til 40. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og 4. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, auðlindalögum, þar sem stefnt er að því að rannsaka hagkvæmni þess að nýta rennsli Stóru Laxár og fall frá miðlunarlóni í Illaveri að virkjun sem áætluð er skammt frá Hrunakrók í Hrunamannahreppi.

Sótt um rannsóknarleyfi til 6 ára.

Þann 25. júlí veitti Orkustofnun Landsvirkjun rannsóknarleyfi vegna áætlana um hugsanlega virkjun á vatnasvæðinu. Það leyfi rann út í árslok 2016.

Samkvæmt 5. gr. auðlindalaga, felur rannsóknarleyfi í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögnum og Orkustofnun telur nauðsynlega. Rannsóknarleyfi felur ekki í sér heimild til virkjunar eða annarrar auðlindanýtingar.

Með vísan til 4. mgr. 5. gr. auðlindalaga var þann 19. september 2017 fram komin umsókn Landsvirkjunar send til umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Hafrannsóknarstofnunar. Með vísan til 14. og 13. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1994 og 3. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998 var forsætisráðuneytinu, vegna þjóðlendu á rannsóknarsvæðinu á efri hluta vatnasviðs Stóru-Laxár, kynnt umsókn Landsvirkjunar. Jafnframt var ráðuneytinu gefinn kostur á að tjá sig um umsókn Landsvirkjunar á svæði sem nánar var afmarkað og hnitsett á korti í fylgiskjali með umsókninni.

Með vísan til 14. og 13. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1994 var eiganda jarðarinnar Kaldbaks á efri hluta vatnasviðs Stóru Laxár svo og Hrunamannahreppi, meintum eiganda jarðarinnar Hrunakróks að hluta, á efri hluta vatnasviðs Stóru Laxár, kynnt umsókn Landsvirkjunar og þeim gefinn kostur á að tjá sig um framkomna umsókn Landsvirkjunar.

Orkustofnun vakti athygli umsagnaraðila á að gögn sem afhent væru samkvæmt auðlindalögnum væru bundin trúnaði, sbr. 23. gr. laga nr. 57/1998. Með vísan þessa voru umsagnaraðilar beðnir um að virða þann trúnað.

Þess var óskað að umsagnir bærust Orkustofnun eigi síðar en föstudaginn 13. október s.l. Tekið var fram að bærust umsagnir ekki fyrir þann tíma, liti Orkustofnun svo á að ekki væru gerðar athugasemdir við umsóknina.

